

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Vegagerðin Sauðárkrókur



|                     |                  |                         |                            |
|---------------------|------------------|-------------------------|----------------------------|
| Dags eftirlits      | 9.10.2025        | Ábyrgðarmaður eftirlits | Stella Hrönn Jóhannsdóttir |
| Fyrirtæki           | Vegagerðin       | Eftirlitsmaður          | Stella Hrönn Jóhannsdóttir |
| Heimili             | Borgarsíða 8     | Tegund eftirlits        | Reglubundið                |
| Kennitala           | 680269-2899      | Flokkur                 | Olía                       |
| Fulltrúi fyrirtækis | Páll Sighvatsson | ÍSAT nr.                |                            |
| Fulltrúi fyrirtækis |                  | Staðsetning             |                            |

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlitið komu fram þrjú frávik er varðar skráningar í rekstrarhandbók, bráðamengunartryggingu og mengunarvarnir við áfyllingarplan. Sett voru fram tvær ábendingar er varða verklag við tæmingu úr lekaþró og uppsöfnun úrgangs innan lóðar.

## UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit var farið í reglubundið eftirlit í olíubirgðastöð Gallon ehf. á Eskifirði þann 9. október 2025.

Dagskrá eftirlitsins er eftirfarandi:

1. Farið yfir starfsleyfi
2. Eftirlitsmælingar og skráningar
3. Áætlanir og viðbrögð
4. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
5. Kynning á meðfylgjandi gögnum
6. Önnur mál
7. Vettvangsskoðun

### 1. Farið yfir starfsleyfi

Starfsleyfi bikstöðvarinnar gildir til 19. mars 2031. Í stöðinni er einn 9.600 m<sup>3</sup> geymir sem geymir asfalt, einn 45.000L geymir sem geymir lífolíu og einn 10.000 l geymir fyrir TPH viðloðunarefni.

### 2. Eftirlitsmælingar og skráningar

Geymir fyrir TBH viðloðunarefni var þykktarmældur í maí 2022 og afgreiðslulögn í bikgeymi var þrýstiprófuð árið 2022. Lífolíugeymir og bikgeymir voru þykktarmældir í október 2016. Tæring fannst í lífolíugeymi og í kjölfarið var hann meðhöndlaður í samræmi við leiðbeiningar til að koma í veg fyrir frekari tæringu. Lífolíugeymi skal þykktarmæla á árinu 2026. Ekki þarf að þykktarmæla bikgeymi á árinu 2026, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 20. gr. reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn mengun frá olíustarfsemi á landi.

Farið er 1-2 sinnum í viku í eftirlit með stöðinni ef ekki er verið að afgreiða úr henni. Eftirlitsheimskóknir og niðurstöður eru ekki skráðar reglulega. Bæta þarf skráningar í rekstrarhandbók, þ.m.t. skilgreina hvað skal skoða í reglulegu eftirliti og skrá niðurstöður skipulega, sbr. gr. 3.3 í stafsleyfi. Er því um frávik að ræða. Jafnframt er bent á að gera þarf grein fyrir verklagi við tæmingu á affallsvatni úr lekaþró í rekstrarhandbók og skrá reglulega mælingar og tæmingar.

### 3. Áætlanir og viðbrögð

Viðbraðgsáætlun, áætlun vegna rekstrarstöðvunar, verklagsreglur vegna löndunar jarðbiks og öryggisblöð fyrir þau efni sem eru notuð í stöðinni eru aðgengileg í rekstrarhandbók. Rekstraraðili gat ekki framvísað staðfestingu á að stöðin sé með bráðamengunartryggingu þegar eftirlitið fór fram. Því er um frávik að ræða.

### 4. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Engar breytingar hafa orðið á starfseminni frá síðasta eftirliti. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða er því óbreytt.

### 5. Kynning á meðfylgjandi gögnum

Rekstraraðili var beðinn um að kynna sér leiðbeiningar um olíuskiljur og kynningu á breyttu verklagi við eftirlit

Umhverfis- og orkustofnunar sem fylgdu fundarboði.

#### 6. Önnur mál

Eitt frávik kom fram í síðasta eftirliti er varðaði geymslu lífólú í bömbum utan lekaheldrar þróar. Við eftirlitið voru aðeins tómir bambar utan lekaþróar. Fráviki er því lokað.

#### 7. Vettvangsskoðun

Bikstöðin er staðsett á afgirtu svæði á hafnarsvæði Sauðárkrókshafnar. Girðingar voru í lagi og hlið læst þegar að var komið.

Geymir fyrir lífólú er innan steyptrar lekavarnar. Niðurfall er í þrónni og þarf að hleypha afrennsli handvirk úr henni. Áfyllingarplan við bikgeymi er olíuhelt en engin niðurföll eru í því. Gróf mól undir TBH geymi. Öryggisupplýsingar eru á skilti við hlið geymisins.

Innan girðingar eru tómir bambar undan efnavöru. Bent er á að bambar með efnum sem merktir eru með hættumerkingum eru spilliefni og skal skila til móttökustöðvar sem hefur leyfi til að taka á móti slíkum úrgangi. Jafnframt er bent á að koma skal í veg fyrir uppsöfnun úrgangs innan lóðar með því að koma honum til viðeigandi meðferðar eða förgunar með reglubundnum hætti.

| Frávik frá            | Lýsing á fráviki                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                     |
|-----------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Gr. 3.3 í starfsleyfi | Í rekstrarhandbók skal skrá á aðgengilegan hátt upplýsingar um eftirfarandi þætti: eftirlit, breytingar á stöðinni, athugasemdir starfsmanna og eftirlitsmanna um viðhald, ástand og tæmingu olíuskilju, þrýsti-, leka- og þéttiprófanir, þykktarmælingar og birgðauppgjör á mánaðarfresti, þjálfun starfsmanna og annað sem skiptir máli varðandi framkvæmd mengunarvarnaeftirlits. |
| Gr. 4.7 í starfsleyfi | Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun (nú Umhverfis- og orkustofnun) tekur gilda, sem nemur allt að 1 milljón SDR, sbr. ákvæði 16. gr. laga nr. 22/2004.                                                                                                                                                        |
| Gr. 2.2 í starfsleyfi | Áfylling flutningsgeyma skal fara fram á olíuheldu áfyllingarplani með niðurfalli í lægsta punkti sem tengt er við olíuskilju.<br><br>Áfyllingarplan er ekki tengt við olíuskilju.<br><br>Rekstraraðili gat ekki framvísað tryggingaskírteini í eftirlitiu.                                                                                                                          |

#### ÁBENDINGAR

1. Gera þarf grein fyrir verklagi við tæmingu á affallsvatni úr lekaþró.

2. Koma skal í veg fyrir uppsöfnun úrgangs innan lóðar með því að koma honum til viðeigandi meðferðar eða förgunar með reglubundnum hætti.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 08.01.2026

Stella Hrönn Jóhannsdóttir